



# Sumardagurinn fyrsti 2010

## Landbúnaðarháskóli Íslands Opið hús að Reykjum í Ölfusi 22. apríl 2010 kl. 10:00-18:00

### Áhugavert

- Færustu blómaskreytar landsins sýna listir sínar
- Frítt í sund í Laugaskarði og HNLFI
- Skátamessa í Hveragerðis-kirkju kl 11:00
- Hverasvæðið opið 12:00-16:00
- Hátíðardagskrá á Reykjum kl. 14:00

Í aðalbyggingu skólans fer fram Íslands-meistarakeppni í blómaskreytingum og eru allir velkomnir til að fylgjast með keppendum að störfum. Sumarið er komið í garðskálanum og hægt er að heimsækja hitabeltið í bananahúsinu og potta-plöntusafninu. Verkefni nemenda í skróðgarðyrkju verða til sýnis í verknámshúsi. Kaffiveitingar og markaðstorg með garðyrkjuafurðir.

Kl. 14:00-15:00 verður hátíðardagskrá þar sem afhent verða Garðyrkjuverðlaun Lbhí og Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar.

***Sumarið kemur í Hveragerði***

# Landbúnaðarháskólinn Reykjum

## Íslandsmeistaramót í blómaskreytingum



Félag blómaskreyta stendur fyrir Íslandsmeistarakeppni í blómaskreytingum annað hvert ár. Hér gefst þeim sem starfa í greininni tækifæri til að hittast og keppa í sínu fagi. Keppnin fer fram í tveimur flokkum, í A flokki keppa útskrifaðir blómaskreytar en í B flokki keppa namar og þeir sem unnið hafa við blómaskreytingar í 5 ár eða lengur. Hér má sjá virtustu fagmenn landsins

skapa frumlegar og vandaðar skreytingar.

Keppendur vinna tvö verkefni sem eru dæmd út frá því hversu fagmannlega þau eru unnin. Annars vegar undirbúið verkefni, sem að þessu sinni hefur þemað Ísland. Síðara verkið er óundirbúið, keppendur fá þá efni í hendur sem þeir eiga að nýta í ákveðið verkefni. Dómarar í keppninni eru frá Íslandi og Noregi

Allir eru velkomnir til að fylgjast með keppendum að störfum og skoða verkin þegar þau eru tilbúin.

Gestir fá tækifæri til að velja fallegasta verkið á sýningunni.



## Félag blómaskreyta

Félag blómaskreyta var stofnað árið 1998 og er fagfélag menntaðra blómaskreyta. Í félaginu eru um 50 félagar og vinna þeir við sitt fag um land allt. Félagsmönnum er umhugað að auka fagmennsku í greininni og kynna hana sem fullgilda starfsgrein sem krefst menntunar og starfsþjálfunar.



**Námskeið fyrir þig!**



**Endurmenntun Lbhl**  
[www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid)

# Landbúnaðarháskólinn Reykjum

## Kaffisala og markaðstorg

Þeir sem koma í heimsókn að Reykjum sleppa ekki að koma í mótuneytið og fá sér kaffi og heimabakað meðlæti.

Á markaðstorgi verður til sölu grænmeti, blóm og trjáplöntur. Okkar landsfræga hnúðkál er tilbúið í sölu, þeir sem hafa hug á að komast yfir það ættu að mæta snemma.



Sumarblómin birtast úti




Bananarnir proskast inni

## Hverasvæði á Reykjum

Í jarðskjálftanum í maí 2008 jókst mjög hveravirkni fyrir ofan skólann á Reykjum. Þar er nú hægt að skoða virkt hverasvæði. Einnig er hverí að finna inni í skóginum og merkilegt að skoða áhrif hverahitans á gróðurinn. Er það vel göngunnar virði að skoða sig um.

### Gætið fyllstu varúðar

Jarðvegurinn getur verið heitur og örugast að halda sig á stígnum.



# Hveragerði

## Ávarp bæjarstjóra



Ágætu íbúar og gestir !

Sumri er ávallt fagnað með myndarlegum hætti hér á landi.

Sumardagurinn fyrsti er hátíðsdagur hvort sem þann dag snjóar, rignir eða sólin skín. Hér í Hveragerði höfum við ávallt tekið sumrinu fagnandi og boðið gesti velkomna til bæjarins til að njóta hér dagskrár sem Landbúnaðarháskólinn að

Reykjum á stærstan þátt í. Þar stendur nú gróður í mestum blóma og hvergi er betra að gleðjast yfir sumarkomunni en einmitt í vöggu garðyrkunnar á Íslandi. Starfsmenn og nemendur skólans eiga heiður skilinn fyrir dugnað og hugmyndaauðgi við framkvæmdina alla.

Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að hvetja íbúa og gesti til að njóta þess sem í boði er í bæjarfélaginu um leið og ég vil minna á þá dagskrárlíði sem framundan eru næstu mánuði. Helgina 25. - 27. júní verður garðyrkju- og blómasýningin "Blóm í bæ" haldin hér í Hveragerði. Sýningin var haldin í fyrsta sinn síðastliðið sumar og naut fádæma vinsælda. Í ár verður megináherslan á börn svo fjölskyldan öll ætti að geta fundið fjölmargt við sitt hæfi. Þriðju helgina í ágúst eða 19. - 22. ágúst verður síðan bæjarhátíðin "Blómstrandi dagar" haldin hátíðleg með tilheyrandi fjöri út um allan bæ. Ýmsir aðrir viðburðir verða í bæjarfélaginu þó þessa beri óneitanlega hæst en áhugasamir eru hvattir til að kynna sér það sem í boði er á heimasíðu bæjarins [www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is).

Með þessum orðum óska ég íbúum og gestum Hveragerðisbæjar gleðilegs sumars.

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar



Hveragerði blómstrar

*Listasafn Árnesinga*  
Austurmörk 21, Hveragerði –  
[www listasafnarnesinga.is](http://www listasafnarnesinga.is)

Opið kl 12:00-18:00

ÍSLENSK MYNDLIST - hundrað ár í hnotskurn

Leiðsögn um sýninguna kl. 16:00



# Hveragerði

## Sundlaugin Laugaskarði

Frír aðgangur að sundlauginni og laugargestum boðið uppá kaffi og djús. Yngsta kynslóðin fær Latabæjaris frá Kjörís eftir sundferðina.

Ljóð eftir Hvergerðinga verða pottagestum til andlegrar upplýftingar.

- Kl. 10 Sundlaugin opnar.
- Kl. 13-15 Sunddeild Hamars veitir þeim sundlaugargestum sem synða 200 metra eða meira viðurkenningu fyrir sundið.
- Kl. 14 Fjölskylduskemmtun í sundlauginni, Einsí sér um fjörið.
- Kl. 17:30 Sundlaugin lokar.

## Hverasvæðið

**Kl 12:00-16:00** Opið á Hverasvæðinu.

Komið við og fylgist með hvort hverinn Dynkur gýs en hann hefur gosið reglulega af krafti undanfarið.



## Heilsustofnun NLFÍ

**HNLFI býður gestum 2 fyrir 1 í hádegismat eða síðdegishressingu. Frítt í mat fyrir yngri en 12 ára.**

**Frítt í sund í baðhúsi.**

**Hádegismatseðill:**

**Grænmetistortilla og meðlæti**

**Vanillúis**

**Síðdegishressing:**

**Döðlubananaterta og te hússins**

## Hveragerðiskirkja

**Skátamessa kl. 11:00**





# Landbúnaðarháskóli Íslands

## Starfsmenntanám í garðyrkju



Á Reykjum í Ölfusi starfar Starfs- og endurmenntunardeild landbúnaðarháskólans. Þar er boðið upp á garðyrkjutengt nám á fjórum brautum: blómaskreytingabraut, garðyrkjuframleiðslu, skógar- og umhverfisbraut og skrudgarðyrkjubraut. Einnig er boðið upp á fjölbreytt endurmenntunarnámskeið bæði fyrir fagfólk og almenning. Hægt er að hefja nám á þessum brautum nú í haust. Umsóknarfrestur er til 4. júní 2010.



Þeir sem eru að huga að námi við Landbúnaðarháskólann ættu að koma við í kynningarboás í anddyri skólans. Þar fer fram kynning á námsframboði við skólann hvort sem er á framhalds- eða háskólastigi.



Boðið er upp á fjölda námsleiða sem allar tengjast náttúrunni og nýtingu hennar. Allir sem hafa áhuga á landinu okkar og sambúð manns og náttúru ættu að geta fundið nám við sitt hæfi við Lbhí.

Nánari upplýsingar:

[www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)

Nemendur að störfum

**Umsóknarfrestur til að hefja nám haustið 2010 rennur út 4. júní 2010.**

**Umsóknareyðublöð má finna á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)**

# *Gleðilegt sumar*




SAMBAND  
GARÐYRKJUBÆNDA



ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ

**YFIRLIT EHF.**



GARÐHEIMAR



Þessir styrktaraðilar hátíðarinnar studdu útgáfu þessa bæklinga.

Bestu þakkir fyrir aðstoðina.



SUDURLANDSSKÓGAR



## Hátíðardagskrá á Reykjum í Ölfusi 22. apríl 2010 kl. 14:00—15:00

Fundarstjóri: Björgvin Örn Eggertsson

- 14:00 – 14:05 Setning - Ágúst Sigurðsson, rektor Lbhí
- 14:05 – 14:25 Garðyrkjuverðlaun 2010 - Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir
- 14:25 – 14:30 Tónlistartriði - Einar Clausen og Jón Kristófer Arnarson
- 14:30 – 14:50 Umhverfisverðlaun Hveragerðis - Umhverfisaráðherra, Svandís Svavarsdóttir
- 14:50 – 14:55 Tónlistartriði – Einar Clausen og Jón Kristófer Arnarson
- 14:55 – 15:15 Íslandsmeistarakeppni í blómaskreytingum, verðlaunaafhending - Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari Reykjum

